

Erindi ungmenna sem ekki komust fyrir á dagskrá þessa fundar:

Elísabet María Þórisdóttir

Hæ kæra bæjarstjórn, ég heiti Elísabet María Þórisdóttir og er 15 ára gömul. Ég kem frá Njarðvík og er í Njarðvíkurskóla. Ég hef alltaf búið í Reykjanesbæ og hefur Reykjanesbær alltaf verið mér mjög kær.

Ég hef oft lent í því að þegar ég er með vinkonum mínum og við erum að reyna finna okkur eitthvað að gera og það er ekkert sem við getum farið að gera án þess að við þurfum að ferðast alla leið í bæinn! Það eru líka mjög margir krakkar sem hafa hvorki aðstæðurnar eða peninginn til þess að fara í bæinn og gera eitthvað skemmtilegt sem er mjög sorglegt því mér finnst að allir krakkar ættu að hafa aðgang að hafa stundum eitthvað að gera. Eitt skiptið kom líka vinkona mína hingað í Reykjanesbæ og hún hefur alltaf verið vön því að hafa aðgang á öllu þessu skemmtilega sem er hægt að gera í Reykjavík og hún var í áfalli yfir því hvað það var ekkert hægt að gera. Eina sem kom til greina fyrir okkur að gera er að fara í sund og fá okkur ís sem er auðvitað skemmtilegt en mér finnst að það ætti að vera mikið meira úrval fyrir okkur að gera og að það er eitthvað sem höfðar til allra! En það er auðvitað undir ykkur komið.

Þannig mér finnst að það mætti bæta við einhverju að gera í Reykjanesbæ. Það er nýbúið að taka bíóið og þá er ekkert að gera fyrir okkur unga fólkioð. Það mætti koma meiri fjölbreytni og betra úrval t.d. litla skauta höll, keiluhöll, kvíkmyndahús, lítinn trampólíngarð, "litla kringlu" og flr. Og það ætti að vera eitthvað fyrir alla. Maður þarf núna alltaf að fara í Reykjavík ef maður vill gera eitthvað skemmtilegt með fjölskyldu eða vinum.

Ég veit að það tekur allt tíma og það er ekki hægt að koma meðsvona stóra hugmynd og koma þetta á framfarir strax, það tekur allt tíma. En það væri gott að fara huga að þessu. Það þarf fyrst og fremst að finna aðstæðu fyrir hlutina og fara í framkvæmdir. En það er auðvitað ekki hægt að fá þetta einn tveir og bingó. En þetta þarf alls ekki að vera eitthvað stórt bara að við séum að bjóða uppá eitthvað almennilegt að gera í þessu samfélagi í Reykjanesbæ. Ef við tökum t.d. Akureyri sem dæmi. Það bæjarfélag er til fyrirmynndar. Þau eru með Glerártorg sem er ekkert rosalega stórt en það er alveg nóg fyrir þau sem búa þar.

En ef við tölum aftur um Reykjanesbæ, þá erum við líka með Ljósanótt, það elskar allir unglingsar Ljósanótt og Reykjanesbær gerir hana rosaleg vel og höfðar mikið til samfélagsins. En afhverju getum við ekki fundið eitthvað meira að gera eins og við erum búin að vera að tala um og gera það vel alveg eins og Reykjanesbær gerir með flest.

Ég veit að ég er ekki sú eina sem finnst þetta, það er mikil umræða um þetta hjá okkur unglungunum og ekki einu sinni bara unglungunum líka fullorða fólkini. Ég vildi bara koma þessu á framfæri. Ég vona að þið takið mark á því sem ég er segja. Takk fyrir að hlusta og takk fyrir mig.